

AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

	Kr.
1. Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga	1 115,00
2. Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	400,00
3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	400,00
4. Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	400,00
5. Fyrir tilkynningu um að hlutafélag eða firma sé hætt störfum	90,00
6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	520,00
7. Fyrir fjármark	100,00
8. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross	60,00
9. Fyrir innköllun	520,00
10. Fyrir auglýsingu um skiptafund	210,00
11. Fyrir ógildingarstefnu	520,00
12. Fyrir dómsbirtingu	520,00
13. Fyrir tilkynningu um útdrátt í happdrætti allt að 7 dálksentimetrum	300,00

Annað efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með krónum 47,00 fyrir hvern dálksentimetra.

Myndamót, sem nota þarf við prentun auglýsinga, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 20. nóvember 1982. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 436 28. júlí 1982 um gjald fyrir tilkynningar o. fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. október 1982.

Friðjón Þórðarson.

Jón Thors.

REGLUGERÐ

um sérstakt línusvæði í Reykjafjarðarál.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 5. nóvember 1982 til og með 15. mars 1983, eru allar togveiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði út af Húnaflóa, sem markast þannig:

1. að vestan af línu dreginni úr punkti 66°25'0N, 21°36'7 V í punkt 66°44'5 N, 21°12'0 V.
2. að norðan af línu dreginni úr punkti 66°44'5 N, 21°12'0 V í punkt 66°45'5 N, 20°58'0 V.
3. að austan af línu dreginni úr punkti 66°45'5 N, 20°58'0 V í punkt 66°19'0 N, 20°45'5 V.
4. að sunnan markast svæðið af línu dreginni í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu, sbr. lög nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.